

Listrýni, söfn og menntun

Lokaskýrsla

Umsækjandi: Hanna Ólafsdóttir, lektor

Meðumsækjandi: Sigurjón Baldur Hafsteinsson, professor

Deild faggreinakennslu

Verkefnið er framhald þróunarstarfs sem hófst árið 2020 og tók á sig fasta mynd þegar það hlaut styrk úr Kennslumálasjóði árið 2021. Sá stuðningur lagði grunn að kennsluþróun sem hefur síðan fest sig í sessi innan kennaranáms í sjónlistum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Á grunni verkefnisins hafa verið þróuð og innleidd tvö ný námskeið þar sem safnafræðsla og skapandi kennsluhættir eru samþættir kennaranámi á báðum námsstigum. Í grunnnámi er lögð áhersla á íslenska listasögu, safnmiðlun og samstarf við fræðsludeildir safna (*LVG302G- Íslensk listasaga, söfn og menntun*), en í meistaranámi á þverfaglega og sjálfbæra kennslufræði innan safnaumhverfis (*LVG102F - Lista- og hönnunarsaga, söfn og menntun*). Með þessu hefur verið lagður grunnur að heildstæðu námi þar sem sjónrænt læsi, samfélagsvitund og þáttökumiðuð verkefni eru í forgrunni. Söfn gegna þar lykilhlutverki sem skapandi námsrými þar sem sköpun og ígrundun fara saman. Með því að nýta söfn sem vettvang kennslu fá kennaranemar tækifæri til að tengja fræðilega þekkingu við starf á vettvangi, efla gagnrýna hugsun og menningarlega vitund og styrkja tengsl háskólans við menningarstofnanir landsins.

Framkvæmd og samstarf

Á árunum 2022–2024 var verkefnið útfært í gegnum tvö námskeið sem tengja saman listasögu, safnafræðslu og kennslufræði. Kennslan fer fram í lotum þar sem fyrirlestrar, vettvangsferðir, smiðjur og gagnrýnar umræður fléttast saman. Nemendur hanna og leiða smiðjur í samstarfi við fræðsludeildir safna þar sem börn og fjölskyldur taka virkan þátt. Flestar smiðjurnar tengdust sýningum safnanna og aðalnámskrá grunnskóla, með áherslu á sjónrænt læsi (VTS-aðferðina), skapandi tjáningu og samfélagslega ígrundun. Fræðslufulltrúar komu að kennslu og leiðsögn nemenda, sem hefur styrkt tengsl milli safna og háskólasamfélagsins. Námskeiðið á meistarastigi er nú einnig í boði sem valnámskeið fyrir nemendur í safnafræðslu, sem endurspeglar aukinn áhuga á samþættingu kennslu og safnastarfs innan háskólans. Verkefnið er unnið í samvinnu við Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor, sem hefur komið að kennslu og ráðgjöf. Verkefnið stuðlar að yfirfærslu nýrrar þekkingar í list- og safnafræðslu inn í starfsemi safna, skóla og samfélags. Með því að nemendur þróa og framkvæma smiðjur í raunverulegu safnaumhverfi skapast vettvangur fyrir nýsköpun í kennslu, miðlun og þátttöku. Nálgunin hefur þegar leitt til áframhaldandi þróunar, meðal annars í Listasafni Akureyrar þar sem að starfsmaður safnsins og meistaranemi í listgreinakennslu unnu með grunnskólanemendum að sameiginlegu verkefni. Hún hefur einnig verið útvíkkuð í Þjóðminjasafninu, þar sem á undanförunum árum hafa verið framkvæmdar smiðjur í samstarfi við kennara og safnakennara; meðal þeirra er smiðja sem nemendur hönnuðu fyrir börn á Barnamenningarhátíð 2025. Eitt dæmi um sjálfstætt framhald er verkefnið *Útilistaverk á Húsavík*, þróunarverkefni meistaranema í sjónlistakennslu þar sem unnið var með útilistaverk í almannarými sem menningarlega auðlind. Þar

var fræðsluefni þróað með áherslu á myndlæsi, staðarvitund og samfélagstengsl. Með þessu hefur skapast grundvöllur að nýju samstarfi og kennsluháttum sem tengja saman listir, samfélag og sjálfbærni í menntun.

Ávinningur

Niðurstöður viðtala og kennslukannana sýna að þátttaka í verkefninu hafði veruleg áhrif á fagvitund og sjálfstraust nemenda. Mörg lýstu því að þeir sæju listasöfn ekki lengur sem fjarlæga eða formlega staði, heldur sem lifandi og aðgengileg rými fyrir sköpun, samtal og þátttöku. Þátttaka í safnastarfi, smiðjum og sýningum efldi þannig skilning þeirra á hlutverki listar og menningar í menntun og sýndi hvernig skapandi starf á safni getur orðið gjöful brú milli fræða, samfélags og persónulegrar reynslu.

Verkefnið hefur einnig verið kynnt á fræðilegum vettvangi, meðal annars á Menntaviku 2024 og á alþjóðlegu ráðstefnunni *VILD - Art for Change* í Kaupmannahöfn. Árið 2025 var það kynnt á *InSEA World Congress* í Tékklandi með veggspjaldi undir heitinu [*Seeing Beyond: Visual Literacy and Museum Education in Teacher Training*](#). Þar var fjallað um hvernig söfn geta orðið umbreytandi námsvettvangur í kennaramenntun með áherslu á sjónrænt læsi, þátttöku og fagvitund kennaranema. Nálgunin hefur hlotið jákvæð viðbrögð bæði hérlandis og erlendis, og borist hafa fyrirspurnir um skipulag og framkvæmd verkefnisins. Þótt samstarf safna og skóla sé ekki nýtt fyrirbæri felst sérstaða þessa verkefnis í því að samstarfið hefur verið fest í sessi innan kennaranáms í sjónlistum, bæði á grunn- og meistaranámsstigi. Með því verða framtíðarkennarar líklegri til að nýta söfn sem kennslurými í eigin starfi og efla þannig tengsl listar, menntunar og samfélags.

Í framhaldi hefur komið upp hugmyndin að útbúa leiðarvísi um samstarfsferlið sem gæti nýst sem fyrirmynd fyrir söfn og menntastofnanir sem vilja innleiða svipaða nálgun. Unnið er að fræðilegri grein sem ætlunin er að birta í *Netlu* árið 2026. Með þessu hefur verkefnið fest sig í sessi sem varanleg nýjung í kennslu og samstarfi milli Háskóla Íslands og safna, í anda UNESCO-rammans (2024) um umbreytandi menntun í listum.